

KONUNGLEG AUGLÝSING

9

um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

13. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Það Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 30. nóvember 1918, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Dví birtum Vér hér með Vorum kærú og trúú þegnum, að hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amaliuborg, 13. febrúar 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

KONUNGLEG AUGLÝSING

10

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

16. marz

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda kunngjörum Vér hér með Vorum kærú og trúú þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 13. f. m., samkvæmt lögum 1. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri hans konunglegu tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gjört á Amaliuborg, 16. marz 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.